

Ég vil tala opinskátt um tóbak



Pétur Heimirsson, formaður Tóbaksvarnaráðs, á eina reyklusa kaffihúsinu á Egilsstöðum, Te og kaffi. Hann segir fjölda rannsókna sýna ótvírætt fram á skaðleg áhrif reykinga.— Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Athygli beinist nú að skaðsemi óbeinna reykinga fyrir starfsmenn á veitingastöðum. **Steinunn Ásmundsdóttir** hitti Pétur Heimirsson, yfirlækni og formann Tóbaksvarnaráðs, á reyklusu kaffihúsi.

Í eina tíð voru galdrabrennur tíðkaðar hér á landi," segir Pétur Heimirsson, yfirlæknir á Egilsstöðum og formaður Tóbaksvarnaráðs. "Því nefni ég þetta að ef aðstæður sem nú ríkja á ákveðnum vinnustöðum, nefnilega meirihluta veitinga- og kaffihúsa, fá enn að viðgangast munu afkomendur okkar skoða það sem fáfræði, rétt eins og við vitum að galdrabrennumar forðum voru öðru fremur til marks um fáfræði. Á fyrrnefndum vinnustöðum eru tendraðir margir smáeldar. Hver og einn þeirra nægir ekki til að drepa neinn, en sýnt hefur verið fram á að í árána rás nægir reykurinn af þeim til að skaða og í ákveðnum tilfellum að valda dauða."

Pétur hefur lengi verið skeleggur í baráttunni gegn tóbaki og fagnar frumvarpi um bann við tóbaksreykingum á veitingahúsum. "Reykingar fólks á veitingastöðum, kaffihúsum og börum þýða að svo og svo margir, ekki síst þeir sem vinna lengi við slíkar aðstæður og eru kannski dyggustu starfsmennirnir, eiga á hættu að skaðast og jafnvel deyja af þessum völdum. Þetta er starfsfólki annarra vinnustaða ekki boðið, það tryggja lög."

Það að ekki skuli löngu vera búið að banna reykingar á veitingahúsum segir Pétur vera vegna þess að það að banna hluti sé nokkuð sem samtíminn er ekki mikið fyrir. "Á undanförmum árum hafa hlaðist upp sannanir fyrir því að tóbaksreykur í lofti skaðar þann sem verður fyrir honum, óháð því hvort hann reykir eða ekki. Með þessa vitneskju í höndum, að óbeinar reykingar valdi sjúkdómum og dauða, banna æ fleiri þjóðir reykingar á öllum vinnustöðum. Ekki bara sumum, eins og hjá okkur, heldur öllum, þ.m.t. veitingahúsum. Strangt til tekið er því ekki verið að setja ný lög þegar frumvarp um bann við reykingum á veitingastöðum nær í gegn, heldur í rauninni verið að segja að ein lög skuli gilda í þessu landi, rétt eins og Þorgeir Ljósveitningagoði varð frægur fyrir að segja fyrir rúmum þúsund árum."

Vilja drepa fólk

Pétur segist ekki í nokkrum vafa um að frumvarpið nái í gegn. "Það er ekkert spursmál í mínum huga, en nákvæmlega hversu margar vikurnar eru get ég ekkert um sagt.

Svo dæmi sé tekið var bann af þessum toga sett á í mörgum fylkjum Bandaríkjanna fyrir löngu og komin þar vitneskja um að þetta gangi mjög vel, jafnt fyrir

veitingahúsareksturinn og aðra. Í Danmörku til dæmis, þar sem okkur finnst almennt vera reykt alls staðar, er komin um þetta ákveðin ósk úr röðum starfsfólks veitingahúsa."

Pétur segir mikinn árangur hafa náðst í tóbaksvörnum á Íslandi og ekki síst sé svokallað sýnileikabann góð viðbót. Með því er bannað að láta tóbak sjást í verzlunum. Hefur það vakið athygli út fyrir landsteina, bæði þeirra sem að tóbaksvörnum standa og tóbaksrisanna. "Þeir eru einmitt í málssókn gagnvart okkur Íslendingum vegna þessa. Tóbaksvarnir eru til vegna þess að líka eru til tóbakssækjendur, tóbakssókn. Auglýsingamennska tóbaksframleiðenda er skelfileg. Tökum sem dæmi stóra viðburði eins og formúlukappakstur, þar sem menn hafa á köflum verið í vafa um hvort það eru bílar eða sígarettupakkar sem eru á kappakstursbrautinni. Tóbaksframleiðendur hafa þá sérstöðu meðal framleiðenda neysluvöru að ef vara þeirra, sígarettan er rétt notuð, þ.e. eins og framleiðandinn setur upp, þá drepur hún annan hvern neytanda. Þannig er tölfræðin."

Bæta þarf aðstoð

Pétur segir enn þurfa að taka til hendinni í tóbaksvörnum. Nýlega kom út skýrsla þar sem skoðað er forvarnastarf í Evrópu. Þá kemur í ljós að Íslendingar eru mjög framarlega í baráttunni. "Í skýrslunni eru skoðaðir sex þættir og við erum að skora mjög hátt í flestum þeirra. Þeim þætti sem lýtur að því að aðstoða fólk við að hætta að reykja er þó ábótavant. Það er nokkuð sem öðru fremur snýr að heilbrigðiskerfinu og íslenskir heilbrigðisstarfsmenn hafa mikinn áhuga á að efla þann þátt. Víða í því sambandi er verið að vinna mjög gott starf, eins og til dæmis á Reykjalandi, í Hveragerði, með reyksímanum á Húsavík o.fl." Pétur segir að gera þurfi lyf við tóbaksfíkn aðgengilegri. "Ef má selja vöru sem drepur annan hvern neytanda við hlið matvöru, af hverju má þá ekki selja þar vöru sem er til þess fallin að hjálpa viðkomandi að losna undan þessu, s.s. nikótíntyggjó og aðra nikótínvöru? Af hverju þarf að gera það í apótekinu?" Hann segir að koma þurfi til móts við þá sem vilja hætta að reykja með niðurgreiðslu á tilteknum hjálparlyfjum og auðvelda aðgengi að hjálparnámskeiðum. Pétur segir jafnframt að á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum þurfi enn að efla tóbaksvarnir, ekki síst með því að vandinn, tóbaksfíknin, sé greindur og dreginn upp á yfirborðið. "Ég vil tala opinskátt um tóbak. Maður á aldrei sem læknir eða heilbrigðisstarfsmaður að hitta einstakling öðruvísi en að vita þegar maður kveður hann, hvort hann eða hún notar tóbak. Öðruvísi verður ekki talað um tóbak því fólk kemur sjaldnast til okkar til að ræða tóbaksnotkun sína."

Meira að segja Castro hætti

"Fólk sem reykir er almennt mjög tillitssamt og hefur lagað sig mjög að þeim breyttu aðstæðum að reykingunum er úthýst, en ekki þeim sem reykja. Fólk er gefið það val að það getur farið út til að reykja. Eftir þessu fer fólk sem reykir almennt og ég hef ekki nokkrar áhyggjur af að það verði neitt öðruvísi þegar reykingar verða bannaðar á veitingahúsum."

Augum er oft beint að sígarettureykingum, en minna talað um vindlana.

"Vindlareykingar eru misskilin klassík og stórhættulegar," segir Pétur. "Meira að segja Fidel Castro er fyrir löngu hættur að reykja og fyrir stuttu búið að banna reykingar mjög víða á Kúbu. Ef að þeir geta gert það á vinnustöðum sínum hljótum við að geta gert það, því ekki byggjum við afkomu okkur á tóbakssölu."

Allt tal um að óbeinar reykingar séu ekki hættulegar er slæmur misskilningur segir Pétur að lokum. Hjarta-, æða- og ákveðnir lungnasjúkdómar eru meðal algengustu dánarorsaka í hinum vestræna heimi og þar eru reykingar og óbeinar reykingar mjög stór orsakabáttur og vel sannað að svo er. "Á rökstóla bæði austan hafs og vestan hafa sest tilkvaddir sérfræðingar í faraldursfræði og farið yfir fjölda rannsókna og niðurstaðan er mjög einróma; að þetta sé ekki kannski, ef til vill svolítið skaðlegt, heldur mjög skaðlegt og valdi sannanlega sjúkdómum og dauða."

12. febrúar 2006

Fréttaskýring | Enn er deilt um hvort óbeinar reykingar séu skaðlegar

Tekist á um tóbakið

Dönsk rannsóknarskýrsla segir agnir í óbeinum tóbaksreyk stórhættulegar

Óbeinar reykingar hættulegri en talið var?

Eftir Steinunni Ásmundsdóttur

Víðar komnar fram kröfur um reyklaussveitingahús

Fólk innan heilbrigðisgeirans segir umræðuefni dagsins ekki lengur það hvort óbeinar reykingar séu skaðlegar, heldur hvernig megi forðast þær og með hvaða hætti löggjafinn forði fólki frá skaða af þeirra völdum við vinnu sína. Tóbaksvarnafrumvarp er til umfjöllunar í þinginu og nýleg dönsk rannsóknarskýrsla um skaðsemi óbeinna reykinga er gripin á lofti í því samhengi.

Danska heilbrigðisstofnunin gaf út svokallaða Hvítbók í fyrra, en í henni eru m.a. birtar rannsóknir 16 danskra stofnana varðandi skaðsemi óbeinna reykinga. Í niðurstöðum Hvítbókar segir að engum vafa sé undirorpið að óbeinar reykingar eru skaðvaldur. Vel sé sannað samband við lungnakrabba, orsakasamband við átta aðrar krabbameinsgerðir og æða- og hjartasjúkdóma liggja fyrir og sýnt fram á beint samhengi við loftvegs- og lungnasjúkdóma eins og t.d. astma. Þá eru óbeinar reykingar sagðar hafa skaðvænleg áhrif á fóstur og geta orsakað fósturlát.

Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður hefur gagnrýnt frumvarp heilbrigðisráðherra um bann við reykingum á veitingastöðum. Eigendur þeirra eigi að ákveða sjálfir hvort banna eigi þar reykingar eða ekki og ef setja eigi hömlur við því að veitingamenn heimili reykinga á sínum stöðum væri nærtækara að framfylgja núgildandi lögum, áður en gripnið er til jafn harðra aðgerða og frumvarpið felur í sér. Einnig gagnrýnir Sigurður Kári rökstuðning að baki frumvarpinu. "Í fylgiskjali með frumvarpinu eru ýmsar rangfærslur og í því ekki vikið að líklega viðamestu rannsókn sem gerð hefur verið á tengslum lungnakrabbameins og óbeinna reykinga, rannsókn sem gerð var á tíu ára tímabili í sjö Evrópulöndum, af hálfu undirstofnunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar," segir Sigurður Kári. "Niðurstaðan þar er sú að ekki séu tengsl á milli lungnakrabbameins og óbeinna reykinga. Af hverju í ósköpunum er

ekki minnst á þá rannsókn þegar menn eru á annað borð að gefa sig út fyrir að vinna að þessu máli vísindalega? Þegar ríkisvaldinu er heimilað svo mikið inngríp í eignarétt, athafnafrelsi og umráðarétt yfir eigin fasteignum, eins og þarna er gert og það réttlætt með vísindum, geri ég kröfu til þess að menn standi í báða fætur hvað það varðar, en sú er ekki raunin varðandi þetta frumvarp og greinargerðina því fylgjandi."

Skaðsemi vel sönnuð

"Sérstakar eru gagnrýnisraddir frá örfáum einstaklingum þess efnis að við séum að gera eitthvað sem aðrir hafa ekki gert og ganga lengra. Það er einfaldlega rangt," segir Pétur Heimisson, yfirlæknir hjá HSA og formaður tóbaksvarnaráðs. "Írar og Norðmenn hafa stigið þetta skref og víða um heim komnar fram kröfur um reyklaus veitingahús. Danir undirbúa sig vandlega fyrir þetta skref með útgáfu Hvítbókarinnar. Í henni eru kannski ekki nýjar eða framandi upplýsingar, en þær eru settar fram á góðan og aðgengilegan hátt og skýrt dregin fram skaðsemi óbeinna reykinga. Tímamótayfirlýsing IARC, International Agency for Research on Cancer, árið 2002 um að ljóst sé að þetta er krabbameinsvaldur finnst mér vera punktur sem Danir undirstrika skemmtilega. Þeir benda á að nú sé kominn tími til að skipta um umræðuefni. Ekki þurfi lengur að ræða hversu hættulegar óbeinar reykingar eru, heldur hvernig bestur árangur náist í að verja fólk fyrir þeim."

Hættulegra en talið var

Kristján Sigurðsson, yfirlæknir hjá Krabbameinsfélaginu, segir athyglisverða þá staðreynd sem fram komi í Hvítbókinni að óbeinn reykur (hliðarreykur) innihaldi fleiri hættuleg efni en sá sem reykingamaður dregur að sér í gegnum sígarettuna. "Þessi hliðarreykur inniheldur a.m.k. 40 krabbameinsframkallandi efni og þar á meðal örsmáar agnir sem hægt er að mæla og vega. Ef maður andar þessum ögnum að sér setjast þær að í berkjum og lungum og þær allra smæstu fara út í blóðrásina, með henni til ýmissa líffæra og valda til lengdar varanlegum skaða," segir Kristján. "Slíkar agnir dreifast um allt það rými sem reykt er í, þyrlast upp með rykögnum og með þeim í öndunarveg þeirra er þar dvelja í langan tíma á eftir. Þetta setur alla umræðu um óbeinar reykingar í nýjan farveg og vekur ugg þegar maður t.d. hugsar um smábörn í reykingalofiti og þungaðar konur er dvelja í slíku rými. Í Hvítbókinni er vísað til nokkurra rannsókna um tengsl milli óbeinna reykinga og sjúkdóma hjá þessum hópum, þ.á.m. er sambandi milli óbeinna reykinga og vöggudauða. Þetta er alvarlegur hlutur og fólk hlýtur að hugsa um hvernig það hagar sér heima við, ekki síður en á veitingastöðum. Í Hvítbók segir að þar sem hluti rýmis er reyklaus þurfi loftræstingu af svipuðum krafti og fellibyl til að halda loftinu hreinu og það að opna dyr að lokuðu reykrými þyrli hinum skaðvænlegu ögnum í allar áttir. Hafa menn sem er sama um sígarettureyk verið upplýstir um skaðsemi hans fyrir eigin heilsu? Reykingar, beinar og óbeinar, eru skaðvaldur sem á að útiloka."